

07.02.2020

Útgáfa 2.0

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Heimsfaraldur veirusýkinga – Mosfellsbær



Viðbragðsáætlun Mosfellsbæjar

Nöfn þeirra sem koma að uppfærslu
áætlunarinnar 2020.

Haraldur Sverrisson, Hugrún Ósk
Ólafsdóttir og Arnar Jónsson.

Efnisyfirlit

Formáli	4
1. Inngangur.....	5
2. Heimsfaraldur inflúensu	6
3. Háskastig almannavarna	7
4. Virkjun viðbragðsáætlunar Mosfellsbæjar	11
5. Stjórnerfi.....	12
6. Starfssvæði Mosfellsbæjar	14
7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs	15
8. Viðbragðsáætlun Mosfellsbæjar við heimsfaraldri inflúensu.....	17
8.1 Mikilvægir verkþættir Mosfellsbæjar og skipurit	17
8.1.1. Starfsemi á efsta neyðarstigi.....	18
8.1.2. Starfsemi sem skilgreind hefur verið sem órofin	19
8.2 Lykilstarfsmenn og staðengenglar	23
8.3 Upplýsingaflæði til íbúa og starfsmanna.....	24
8.4 Aðgerðir til þess að viðhalda rekstri í faraldri	25
8.4.1. Meta áhrif birgja og kanna lágmarksþingdir.....	25
8.4.2 Reglur um fundahöld	25
8.4.3 Reglur um ferðalög starfsmanna	25
8.4.4. Reglur um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsmanna	25
8.4.5 Tilfærsla starfsmanna milli starfsstöðva og þjálfun	25
8.4.6. Reglur um breytta þjónustu við viðskiptavini	25
8.5 Viðbrögð við aukinni hættu innan starfsstöðva	26
8.5.1. Reglur um sveigjanlega staðsetningu starfsmanna.....	26
8.6 Gátlistar og aðgerðaáætlanir	26
9. Samskiptaleiðir	27
10. Kort og teikningar	28
11. Dreifingarlisti.....	29
12. Breytingasaga	30

Formáli

Í apríl 2009 greindist nýtt afbrigði inflúensu í heiminum. Í samræmi við tilmæli sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, sem unnið hafa landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu, hófst vinna við gerð svæðisáætlana um allt land um viðbrögð vegna inflúensufaraldurs. Svæðisáætlun höfuðborgarsvæðisins nær til Mosfellsbæjar, en Reykjavíkurborg og einstök svið hennar hafa jafnframt unnið viðbragðsáætlunarir vegna eigin starfsemi.

Í þessari áætlun eru teknir saman helstu þættir úr viðbragðsáætlunum einstakra sviða sveitarfélagsins og fjallað um málefni sveitarfélagsins í heild.

Við gerð þessarar viðbragðsáætlunar var unnið skv. samræmdu sniðmáti fyrir höfuðborgarsvæðið undir leiðsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS). Byggt var á sniðmáti að viðbragðsáætlun fyrir ráðuneyti, sem gert var í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis, sem og gátlista fyrir órofinn rekstur fyrirtækja frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og SHS. Framkvæmdaáætlanir einstakra sviða og deilda voru byggðar á samræmdu sniðmáti fyrir höfuðborgarsvæðið sem aftur tók mið af sniðmáti landsáætlunar vegna sorphirðu.

Markmið viðbragðsáætlunarinnar eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð í inflúensufaraldri, að draga úr smithættu á starfsstöðvum sveitarfélagsins, tryggja rekstur mikilvægrar þjónustu þrátt fyrir auknar fjarvistir í inflúensufaraldri og skilgreina þá neyðarþjónustu sem í öllum tilvikum verður að veita.

Í febrúar 2020 lýsti ríkislögreglustjóri yfir hættustigi almannavarna vegna nýrrar kórónaveiru (COVID-19). Viðbragðsáætlun þessi var uppfærð við það tilefni og útfærð þannig að hún tæki samkvæmt orðanna hljóðan til allra heimsfaraldra veirusýkinga.

Ábyrgð á viðbragðsáætlun fyrir Mosfellsbæ ber bæjarstjóri og skal áætlunin lögð fram í bæjarráði til samþykktar.

1. Inngangur

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða innan Mosfellsbæjar í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsfaraldri inflúensu eða annarra veirusýkinga.

Áætlunin miðast við að atvinnulíf í sveitarfélagini geti skerst í ákveðinn tíma vegna aukinna forfalla starfsmanna. Jafnframt er leitast við að meta hvaða þjónusta sveitarfélagsins verður að haldast órofin breytist áhættumat frá ágúst 2009 og dánartíðni verði umfram það sem búast má við í venjulegu árferði.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð yfirstjórnar sveitarfélagsins í faraldri. Hvert svið og hver starfseining sveitarfélagsins hefur jafnframt gert eigin viðbragðsáætlun/framkvæmdaáætlun þar sem skipulagðar eru sóttvarnaráðstafanir, fræðsluráðstafanir, ráðstafanir vegna aukinna forfalla starfsmanna, viðbrögð vegna lokana starfsemi og viðbrögð til að tryggja órofna starfsemi nauðsynlegrar þjónustu.

Áætlunin er unnin í samræmi við stigskiptingu og tilmæli Almannavarna. Við gerð áætlunarinnar er m.a. stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

EKKI er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur bæjarstjóri ákveðið breyttta starfstilhögun með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Ábyrgð á að viðhalda áætlun þessari er í höndum forstöðumanns þjónustu- og samskiptadeildar. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fimm ára fresti en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan Mosfellsbæjar.

Viðbragðsáætlunin verður vistuð á innri vef Mosfellsbæjar undir yfirschriftinni *Viðbragðsáætlun* þegar hann verður tekin í notkun innan skamms. Þangað til verður hún vistuð á sameiginlegu drifi starfsmanna bæjarskrifstofa.

Áætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum og vera aðgengileg íbúum Mosfellsbæjar og er vistuð á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is, undir yfirschriftinni Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs veirusýkinga.

Til einföldunar er miðað við heimsfaraldur inflúensu í köflum 3–8 en sömu atriði eiga við sé heimsfaraldur af völdum sambærilegra veirusýkinga.

Áætlun þessi var fyrst unnin árið 2009 og er nú uppfærð á árinu 2020.

Mosfellsbæ, 2. mars 2020.

2. Heimsfaraldur inflúensu

Saga heimsfaraldra inflúensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn a.m.k. tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrír heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spánska veikin en talið er að 50–100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spánska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spánska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spánsku veikinni og að allt að 500 manns láttist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærðom af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheiði og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist á Norðurland og Austurland en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl 2009 greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn breiddist nokkuð hratt út um heimsbyggðina. Til þessa (september 2009) hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A-stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlanir eru gerðar í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008 og er m.a. að finna á heimasíðu Almannavarna, www.almannavarnir.is.

Markmið viðbragðsáætlunar Mosfellsbæjar

Mikilvægt er að Mosfellsbær geti haldið starfsemi sinni sem mest óraskaðri þrátt fyrir heimsfaraldur inflúensu og/eða heimsfaraldur af völdum annarra sambærilegra veirusýkinga og er gerð viðbragðsáætlunar afar nauðsynleg í þeim tilgangi. Viðbragðsáætlunin miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs með því að:

- Upplýsa starfsmenn og veita nauðsynlega fræðslu
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustöðum sveitarfélagsins og lágmarka smithættu
- Skilgreina mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins, lykilstarfsmenn og staðgengla
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og lokunar
- Eiga til samræmdar áætlanir til að tryggja órofna starfsemi mikilvægra verkþáttu

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Til frekari glöggvunar verður í þessum kafla farið yfir háskastig Almannavarna. Háskastig skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að. Viðbragðsáætlunum Almannavarna er skipt í þrjú stig sem eru *óvissustig, hættustig og neyðarstig*. Hér fyrir neðan er nánari skilgreining á hverju stigi.

Umfang almannavarnaviðbragða:

- fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn
- þörf fyrir viðtæka samhæfingu
- fjölda stjórnstiga

er svo skilgreint nánar á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

• Grænt

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum

• Gult

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum

• Rauðt

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum

■ Svart

Þjóðarvá – hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri tilkynna um háskastig og taka með hliðsjón af þeim ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni. Sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri upplýsa viðbragðsaðila.

1. Óvissustig

Á fyrsta háskastigi, óvissustigi, er komin upp ný og óþekkt staða. Viðbrögð felast í að gera athuganir, mælingar og hættumat.

Skilgreining háskastigs:

Nýr undirflokkur influensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs:

1. Samráð/samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir
2. Samráð/samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem smitsjúkdómur geisar
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og/eða hjá aðilum sem hafa sameiginleg verkefni

2. Hættustig

Viðbrögð á öðru háskastigi, hættustigi, felast í auknum viðbúnaði vegna hættu.

Skilgreining háskastigs:

1. Engin staðfest sýking hérlendis
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokkis inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar.
Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs:

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum/flugvöllum
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví
7. Skipulögð dreifing/taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns inflúensu hafa brotist út

3. Neyðarstig

Viðbrögð á þriðja háskastigi, neyðarstigi, felast í neyðaraðgerðum vegna atburða.

Skilgreining háskastigs:

Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs:

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað
2. Samkomubann, lokun skóla o.fl.
3. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsum
4. Skipulögð dreifing/taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa

Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra getur kveðið á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og löggreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundahöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki og leiksýningar og kirkjuathafnir á borð við messur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni er það heilbrigðisráðherra sem afléttir banninu samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna, sbr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dóms og löggreglustjóra.

Skammstafanir og orðskýringar

AR	Sýkingartíðni
AST	Aðgerðastjórn/-stjóri
AVD	Almannavarnadeild
AVN, Av—nefnd	Almannavarnanefnd
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislöggreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, fjórir meginverkþættir verkþáttaskipuritsins
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SVL	Sóttvarnalæknir
VST	Vettvangsstjórn
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálstofnunin

Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB með sér náið samstarf við að fylgjast með og meta stöðu og alvarleika inflúensufaraldra. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeiði á milli heimsfaraldra, viðvörunarskeiði og skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri inflúensu. Viðbragðsáætlanir gegn heimsfaraldri inflúensu eru gerðar með háskastig almannavarna á Íslandi til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmíðlum og er sett hér fram til skýringar.

Háskastig WHO	
Stig heimsfaraldurs	Markmið aðgerða
Skeið milli heimsfaraldra Stig 1. Enginn nýr inflúensustofn hefur greinst í mönnum. Stig 2. Enginn nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum. Stofn inflúensuveiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum.	Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri inflúensu. Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slík smit án tafar.
Viðvörunarskeið Stig 3. Nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband manna. Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuð svæði af völdum nýs stofns inflúensu en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum. Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbandingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.	Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum. Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefnio.fl.). Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum.
Skeið heimsfaraldurs Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna.	Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er.

4. Virkjun viðbragðsáætlunar Mosfellsbæjar

Sóttvarnalæknir og heilbrigðisráðherra bera ábyrgð á sóttvörnum og mæla fyrir um sóttvarnaráðstafanir. Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi.

Virkjun:

Sóttvarnalæknar umdæma og svæða bera ásamt lögreglustjórum ábyrgð á virkjun áætlunar í sínu umdæmi/svæði.

Lögreglustjórar upplýsa sveitarstjórnir, almannavarnanefndir og aðra viðbragðsaðila í umdæminu um virkjun áætlunarinnar/breytingar á háskastigi.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á að tilkynna stjórnendum um virkjun viðbragðsáætlana sveitarfélagsins og sviða þess gegn inflúensufaraldri.

Boðun

Upplýsingar um virkjun áætlunarinnar/breytingar á háskastigi skulu umsvifalaust berast bæjarstjóra sem kemur boðum áfram til framkvæmdastjóra sviða.

Framkvæmdastjórar sviða upplýsa stjórnendur undirstofnana og starfsmenn, ásamt þeim er málið varðar, á hvaða stigi skuli unnið samkvæmt viðbragðsáætluninni og gera viðeigandi ráðstafanir varðandi upplýsingagjöf til starfsmanna, sbr. kafla 8.

Stjórnendur og millistjórnendur starfa samkvæmt sínum starfslýsingum nema ef viðbragðsáætlun og fyrirmæli frá bæjarstjóra kveða á um annað.

Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal framkvæmdastjórum tilkynnt það með formlegum hætti og þeir tilkynna sínu starfsfólk.

5. Stjórnkerfi

Samhæfingarstöð almannavarna stýrir viðbrögðum við vá á landsvísu. Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins stýrir viðbrögðum við vá á höfuðborgarsvæðinu. Neyðarstjórn sveitarfélagsins er tengiliður við aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins. Á efsta neyðarstigi tekur neyðarstjórn sveitarfélagsins við fyrirmælum frá aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins varðandi þær ráðstafanir sem þarf að grípa til til að fyrirbyggja eða bregðast við vá.

Mosfellsbær

Frumskylda Mosfellsbæjar er að stuðla að öryggi og heilbrigði íbúanna. Nauðsynlegt er því að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi en skæður heimsfaraldur inflúensu á Íslandi getur haft það mikil áhrif að hann skapi neyðarástand innanlands.

Bæjarstjóri fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið, stoðdeildir og stofnanir sveitarfélagsins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlunar er neyðarstjórn sveitarfélagsins virkjuð. Í neyðarstjórn sitja bæjarstjóri, framkvæmdastjórar sviða ásamt fleiri lykilstarfsmönnum sveitafélagsins sem bæjarstjóri hefur tilnefnt í neyðarstjórn með erindisbréfi. Ný neyðarstjórn er skipuð á nýju kjörtímabili. Unnið er með aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnunum sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan sveitafélagsins. Að öðru leyti helst stjórnskipulag sveitarfélagsins óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn getur þó á hverjum tíma gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértaekar ráðstafanir. Bæjarráð veitir nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar. Heilbrigðisnefnd þarf einnig að vera í viðbragðsstöðu á neyðarstigi.

Bæjarstjóri og bæjarráð verða að vera vel upplýst um stöðu mála á hverri stundu og þess bær að taka mikilvægar ákvarðanir með skjótum hætti þegar á þarf að halda. Nauðsynlegt getur verið að bregðast við starfsmannaskorti, sem getur lamað mikilvæga starfsemi og dreifingu nauðsynja, og er það á ábyrgð fagsviða, stoðdeilda og stofnana. Í alvarlegum tilfellum getur þurft að grípa til neyðarréttar til að fára til starfsfólk til að sinna lífsnauðsynlegri þjónustu. Svið sveitarfélagsins hafa forgangsraðað starfsemi sinni út frá því hvaða verkefni eru brýnust til að halda samféluginu gangandi. Í 8. kafla er nánar fjallað um þá forgangsröðun. Í alvarlegum influensufaraldri getur neyðarstjórn þurft að taka ákvörðun um að skerða þjónustu og leggja niður starfsemi sem ekki er skilgreind sem forgangsverkefni á meðan faraldur gengur yfir. Haft er samráð við sóttvarnalækní um slíkar ráðstafanir.

Bæjaryfirvöld styðja opinberar sóttvarnaráðstafanir sem miða að því að draga úr tíðni sýkinga og hefta útbreiðslu farsóttar. Í viðbragðs- og framkvæmdaáætlunum sviða og stofnana er kveðið á um sóttvarnir og fræðslu til starfsmanna skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis.

Rétt tímasett og vel undirbúin upplýsingamiðlun til íbúa sveitarfélagsins er mikilvæg til þess að miðla réttum upplýsingum og vinna gegn hræðslu í samféluginu. Brýnt er að ríkisstjórn og sveitarstjórnir tali einni röddu og að upplýsingamiðlun til fjölmíðla sé samræemd. Tryggja þarf að upplýsingar séu settar fram á réttum tíma, séu skýrar og settar fram með samræmdum hætti þannig að íbúar fái réttar leiðbeiningar um hvernig þeir geti tekið þátt í eigin sóttvarnaráðstöfunum.

Landsstjórn

Samhæfingarstöð almannavarna

Samhæfingarstöðin (SST) er stjórnstöð sérstakra aðgerða og samhæfir á milli umdæma. Stöðin er staðsett í Björgunarmiðstöðinni að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samhæfingarstöðin er virkjuð að fullu þegar NEYÐARSTIGI hefur verið lýst yfir og eftir það fer samræming og stjórnun aðgerða fram í stöðinni, nema annað sé ákveðið af sóttvarnalæknini. Á HÆTTUSTIGI hefst undirbúningur vegna virkjunar og er þá hluti áhafnar að störfum í stöðinni.

Samhæfingarstöðin skipuleggur stuðning við þá sem þess óska samkvæmt beiðni hverju sinni.

Sóttvarnalæknir

Við embætti landlæknis starfar sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum í landinu samkvæmt lögum nr. 19/1997 undir yfirstjórn ráðherra. Hann skipuleggur og samræmir sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sóttthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns.

Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

6. Starfssvæði Mosfellsbæjar

Viðbragðsáætlun þessi gildir fyrir starfssvæði Mosfellsbæjar. Íbúar Mosfellsbæjar voru 12.100 í byrjun febrúar 2020. Starfssvæði sveitarfélagsins er lögsagnarumdæmi þess eins og það er skilgreint í lögum. Starfsstöðvar Mosfellsbæjar á svæðinu eru 22 talsins og starfsmenn eru um 875. Mosfellsbær starfar og veitir íbúunum þjónustu skv. lögum nr. 45/1998 og öðrum lögum, samþykktum og reglugerðum sem lúta að starfsemi hennar. Í kafla 10 má sjá yfirlitskort af starfsstöðvum Mosfellsbæjar.


7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs

Viðbragðsáætlun um starfsemi í inflúensufaraldri og óumflýjanlegar aðgerðir byggist á áhættumati. Hverri starfsstöð sveitarfélagsins hefur verið falið að áætla afkastagetu sína miðað við útbúnað, húsakost, daglega starfskrafa og lágmarksmönnun. Í upphafi vinnu við gerð þessarar viðbragðsáætlunar (júlí 2009) var gert ráð fyrir að faraldur gæti orðið mjög skærður með allt að 50% sýkingartíðni og 3% dánartíðni. Uppfært bráðabirgðamat sóttvarnalæknis frá 10. ágúst 2009 gerir ráð fyrir mun vægari faraldri og er áhættumat sveitarfélagsins nú miðað við það.

Bráðabirgðamat 10. ágúst 2009 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu á komandi vikum fyrir landið allt

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu sem gengur yfir um þessar mundir. Þar er tekið tillit til afleiðinga af sambærilegum hefðbundnum árlegum inflúensufaraldri (30% sýkingartíðni, 1% tíðni alvarlegra sjúkdómseinkenna og 0,1% dánartíðni). Litið er á alvarleika þessa heimsfaraldurs til jafns við árstíðabundinn inflúensufaraldur. Mun fleiri sýkjast þó í heimsfaraldri (30-50%) en í hefðbundnum árlegum faraldri (5-10%). Þetta leiðir til þess að fleiri munu veikjast alvarlega og fleiri lálast af völdum heimsfaraldursins þótt hann sé hlutfallslega ekki skærðari en venjuleg inflúensa. Mikilvægt er að hafa í huga að bráðabirgðamat betta þarf ekki að endurspeglar raunverulega útkomu faraldursins en er fyrst og fremst ætlað að vera viðbragðsaðilum til hjálpar við að undirbúa aðgerðir. Algengt er að inflúensufaraldur berist í tveimur eða þremur hrinum á allt að árs tímabili. Hver hrina byrjar með lágrí tíðni sýkinga sem eykst, nær hámarki og minnkar aftur á nokkurra vikna tímabili, oftast 8-12 vikum. Sýkingar eru þá tíðar í nokkrar vikur í hverri hrinu.

Fjöldi inflúensutilfella á 100 manna vinnustað



Búast má við að sýkingartilfelli dreifist á 12 vikna tímabil, sjá töflu, skv. embætti sóttvarnalæknis.

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
%	1%	4%	15%	22%	23%	15%	8%	5%	3%	2%	1%	1%

Eins og sjá má er líklegt að um nokkrar fjarvistir starfsmanna verði að ræða í inflúensufaraldri. Fjöldi fjarvista er háður því hversu alvarlegur faraldurinn verður og einnig hver viðbrögð almennings verða. Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, t.d. vegna:

- smits af inflúensu
- annarra veikinda
- annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokunar leikskóla og skóla
- beiðna vinnuveitenda um að halda sig fjarri vinnustað og/eða vinna heima
- beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann
- raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast í hópi fólks
- ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu

Fjarvistir starfsmanna munu verða mestar þegar sýkingartíðni er hæst í faraldri, eða u.p.b. í 5. viku af u.p.b. 12 vikum. Búast má við tveimur til þremur hrinum af inflúensufaraldri með nokkurra mánaða millibili.

Það er ekki hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsmenn meta hættuna, hvort skólamenntun er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaða.

8. Viðbragðsáætlun Mosfellsbæjar við heimsfaraldri influensu

Áherslur viðbragðsáætlunar Mosfellsbæjar eru að styrkja sóttvarnir á vinnustöðum, tryggja fræðslu til starfsmanna um sóttvarnir og viðbrögð við veikindum, meta aðgerðir til að mæta auknum forföllum á vinnustöðum, undirbúa aðgerðir vegna lokana ef til þeirra kemur, kortleggja þá starfsemi sem nauðsynlegt er að haldist órofin verði faraldurinn skæður og gera áætlun um aðgerðir til að tryggja rekstur þeirrar starfsemi. Meðfylgjandi er yfirlit yfir helstu áhersluatriði frá öllum sviðum Mosfellsbæjar sem ásamt undirstofnunum sínum hafa gert nákvæmari viðbragðsáætlanir og/eða framkvæmdaáætlanir í samræmi við ofangreindar áherslur. Nánar er kveðið á um viðbrögð og aðgerðir í áætlunum einstakra sviða og vinnustaða. Mannauðsstjóri Mosfellsbæjar ber ábyrgð á samhæfingu aðgerða vegna starfsmanna eftir því sem við á.

8.1 Mikilvægir verkþættir Mosfellsbæjar og skipurit

Hlutverk Mosfellsbæjar er að veita íbúum þjónustu sem stuðlar að velmegun þeirra, öryggi og lífsgæðum. Í þessum kafla er fjallað um þá þjónustu sveitarfélagsins sem metið hefur verið að nauðsynlegt sé að halda úti þrátt fyrir alvarlegan flensufaraldur. Við mat á þeirri þjónustu er tekið tillit til þess hvort líf og heilsa þjónustubega geti verið í hættu falli starfsemi niður jafnvel í stuttan tíma eða hvort aðrir verulegir hagsmunir geti verið í húfi. Þjónusta sem í venjulegu árferði er talin mikilvægur og sjálfsagður hluti af þjónustu við bæjarbúa gæti þannig tímabundið fallið niður.

Á meðfylgjandi skipuriti má sjá þau svið og stofnanir Mosfellsbæjar sem þessi viðbragðsáætlun nær yfir. Eftirtalin B-hluta fyrirtæki sveitarfélagsins, Hitaveita Mosfellsbæjar, Vatnsveita Mosfellsbæjar og Fráveita Mosfellsbæjar, hafa gert eigin viðbragðsáætlanir. Ennfremur er sérstök viðbragðsáætlun vegna sorphirðu fyrir hendi. Starfsemi veitna og slökkviliðs falla einnig undir viðbragðsáætlun fyrir landið allt.

8.1.1. Starfsemi á efsta neyðarstigi

Á efsta neyðarstigi vegna flensufaraldurs hefur eftirtalin starfsemi verið skilgreind sem forgangsverkefni, en þá er gert ráð fyrir að umfangsmikil röskun hafi orðið á daglegri starfsemi í samfélagini vegna flensunnar. Í hverju tilviki er unnið eftir strangri forgangsröðun.

- Neyðarstjórn
- Fjárreiður/fjárvstýring
- Barnavernd
- Dagþjónusta við aldraða
- Velferðarkerfin: fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, heimaþjónusta/matardreifing, vistunargreiðslur, liðveisla
- Snjómokstur á aðalumferðaræðum
- Neyðarviðhald í stofnunum/eignum
- Öryggisgæsla í húsnæði sveitarfélagsins
- Þjónustuver/upplýsingaþjónusta til almennings
- Rekstur tölvukerfa
- Upplýsingamiðlun - vefir sveitarfélagsins
- Heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit
- Búfjáreftirlit
- Veitur
- Sorphirða
- Samskipti við trúnaðarlækni Mosfellsbæjar
- Fjölskyldunefnd

Eftirtalin atriði eru skilgreind í fyrsta forgangi sveitarfélagsins verði mjög alvarleg röskun á starfsemi:

- Neyðarstjórn
- Barnavernd skv. neyðaráætlun
- Neyðarheimajónusta
- Önnur neyðarþjónusta skv. fyrirmælum slökkviliðs, lögreglu eða almannavarna

8.1.2. Starfsemi sem skilgreind hefur verið sem órofin

Eftirfarandi eru helstu verkþættir sem einstök svið, deildir og skrifstofur Mosfellsbæjar hafa skilgreint sem forgangsverkefni skv. eigin viðbragðsáætlunum. **Gert er ráð fyrir að sú starfsemi sem hér er talin upp haldist að mestu eða öllu órofin í flensufaraldri.**

8.1.2.1. Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Umhverfissvið annast umsýslu skipulags- og byggingarmála, rekstur og viðhald fasteigna Mosfellsbæjar, rekstur og viðhald gatnakerfis og veitna, að rafveitu undanskilinni en hún er í höndum Orkuveitu Reykjavíkur. Umhverfissvið framfylgir umhverfisstefnu Mosfellsbæjar og stefnu sveitarfélagsins að öðru leyti. Umhverfissvið ber ábyrgð á rekstri fasteigna, gatna, veitna, umhverfisvernd og garðyrkju í Mosfellsbæ, sorphirðu frá heimilum og dýraeftirliti, þar á meðal meindýravörnum, hundaeftirliti og búfjáreftirliti.

Hvaða starfsemi þarf að haldað órofin á öllum háskastigum?

- Samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsmanna og viðskiptavina sviðsins
- Sorphirða
- Meindýravarnir
- Búfjáreftirlit
- Snjómokstur og hálkuvarnir helstu samgönguæða
- Eftirlit veitukerfa
- Rekstur umferðarmerkja, bráðaviðgerðir og endurnýjanir ef hætta er fyrir hendi
- Viðbrögð vegna óveðurs – leysinga og/eða asahláku – bilanir í gatnakerfi
- Tjónaviðgerðir í húsum, lokanir og bráðaviðgerðir til að hindra frekara tjón
- Viðbragðsbjónusta vegna brunaviðvörunarkerfa

8.1.2.2. Fræðslusvið

Hlutverk fræðslusviðs Mosfellsbæjar er að veita börnum og unglungum í sveitarfélagini bestu mögulega menntun á hverjum tíma, vera faglegt forystufl í menntamálum, stýra og fylgja eftir stefnumótun fyrir grunnskóla og leikskóla, tónlistarnám og fullorðinsfræðslu og búa starfsmönnum áhugavert starfsumhverfi og tækifæri til starfspróunar.

Sviðið hefur með höndum eftirlit með starfsemi grunnskóla og leikskóla og leyfisveitingar til dagforeldra skv. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum og eftirlit með þeirri starfsemi. Foreldrar barna undir 16 ára aldri eru stór hluti vinnaufs í landinu og því er mikilvægt að þeir geti gengið að þjónustu grunnskólans og leikskólanna vírsi.

Fræðslusvið hefur yfirumsjón Íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá og Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells.

Fræðslusvið hefur einnig það hlutverk að skapa börnum, unglungum og ungmennum skilyrði til virkrar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi, stuðla að heilbrigði almennings með því að veita einstaklingum á öllum aldri gott aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, vera í fararbroddi við að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustunnar og veita íþrótt- og æskulýðsfélögum þjónustu og stuðning.

Mikilvægt er að halda úti grunnþjónustu skóla, leikskóla og fristundaselja og hafa opíð svo framarlega sem nægilega margir starfsmenn eru til staðar. Ákvörðun um lokun vegna manneklu er tekin í samráði við neyðarstjórn sveitarfélagsins. Sóttvarnalæknir getur jafnframt kveðið á um lokun starfseminnar á grundvelli heimilda um að setja á samkomubann.

Fræðslusvið hefur einnig það hlutverk að auðvelda íbúum sem eru 67 ára eða eldri að sækja sér heilsueflandi frítímaþjónustu sem hentar hverjum og einum. Það er gert með frístundastyrk í formi niðurgreiðslu á frístundum til þessa aldurshóps.

Hvaða starfsemi þarf að haldast órofin á öllum háskastigum?

- Samskipti við neyðarstjórn Mosfellsbæjar, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsmanna og íbúa
- Aðstoð, leiðbeiningar og stuðningur frá yfirstjórn sviðsins vegna aðstæðna og málefna sem upp geta komið í skólum í tengslum við inflúensufaraldur
- Samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsmanna og viðskiptavina sviðsins
- Öryggisgæsla og eftirlit með mannvirkjum í umsjá fræðslusviðs
- Aðstoð, leiðbeiningar og stuðningur vegna aðstæðna og málefna sem upp geta komið í tengslum við inflúensufaraldur

8.1.2.3. Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið ber ábyrgð á framkvæmd þjónustu á sviði barnaverndar, félagsþjónustu og félagslegra húsnæðismála. Eir, hjúkrunarheimili annast rekstur félagslegrar heimaþjónustu skv. samningi við fjölskyldusvið. Eir, hjúkrunarheimili sér um matarþjónustu í þjónustumiðstöð aldraðra og verktaki sér um að aka mat til þjónustubega utan þjónustumiðstöðvar.

Meginverkefni fjölskyldusviðs teljast til grunnþjónustu og þar af leiðandi til þjónustu sem haldast verður órofin á öllum háskastigum.

Hvaða starfsemi þarf að haldast órofin á öllum háskastigum?

- Samskipti við neyðarstjórn Mosfellsbæjar, upplýsingamiðlun til stjórnenda og starfsmanna
- Aðstoð, leiðbeiningar og stuðningur yfirstjórnar sviðsins vegna aðstæðna og málefna sem upp geta komið í tengslum við inflúensufaraldur á starfsstöðvum
- Þjónusta við fjölskyldunefnd

- Heimaþjónusta skv. nánari forgangsröðun og skilgreiningu verkefna í samvinnu við Eir, hjúkrunarheimili
- Fjárhagsaðstoð
- Starfsemi barnaverndar skv. nánari forgangsröðun og skilgreiningu verkefna
- Upplýsingaveita og félagsleg aðstoð skv. nánari forgangsröðun og skilgreiningu verkefna

8.1.2.4. Þjónustu- og samskiptadeild

Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeilda hefur umsjón með kynningarmálum Mosfellsbæjar og samskiptum Mosfellsbæjar, jafnt innri samskiptum sem ytri. Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeilda ber ábyrgð á upplýsingum á vef sveitarfélagsins, www.mos.is.

Helstu verkefni sviðsins eru: þátttaka í undirbúningi fyrir fundi bæjarráðs, bæjarstjórnar og nefnda; umsjón með upplýsingamiðlun til stjórnenda, fjöldiðla og íbúa; afgreiðsla stjórnsýsluerinda; skipulagning/eftirfylgni viðtalstíma bæjarstjóra; almenn samskipti við bæjarbúa; menningar- og viðburðastjórnun.

Þjónustu- og samskiptadeild fer með umsýslu fyrir bæjarstjórn, bæjarráð og aðrar nefndir bæjarfélagsins. Sviðið heldur utan um þjónustu við bæjarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Mosfellsbæjar. Þjónustu- og samskiptadeild hefur ennfremur umsjón með skjalavistun.

Lögmaður Mosfellsbæjar starfar í Þjónustu- og samskiptadeild og veitir bæjarstjórn og fastanefndum bæjarfélagsins auk stofnanna þess lögfræðilega ráðgjöf.

Hlutverk þjónustu- og samskiptadeilda er að fara með framkvæmd menningarmála hjá Mosfellsbæ. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Bókasafns Mosfellsbæjar, Listasals Mosfellsbæjar, forstöðumaður bókasafns og menningarmála sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífíð og er bæjaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem heyra til menningarmála.

Þjónustuver hefur yfirumsjón með þjónustu bæjarins við íbúa og starfsfólk.

Persónuverndarfulltrúi starfar samkvæmt persónuverndarstefnu Mosfellsbæjar.

Hvaða þjónusta þarf að haldast órofin á öllum háskastigum?

- Samskipti og þjónusta við neyðarstjórn bæjarins
- Símsvörun, upplýsingamiðlun og samskipti við íbúa og starfsmenn í síma 525 6700
- Upplýsingamiðlun og samskipti við íbúa og starfsmenn í gegnum www.mos.is. Afgreiðsla brýnna stjórnsýsluerinda, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga. Ráðgjöf og þjónusta við svið bæjarins í brýnum tilfellum er varða órofna starfsemi þeirra.
- Tryggja aðgang að tölvukerfum bæjarins, þ.m.t. launa- og fjárhagskerfi, skjalakerfi, interneti, vefumsjónarkerfi og tölvupóstkerfi.
- Tryggja heimatengingar fyrir starfsfólk í gegnum VP
- Afgreiðsla og upplýsingar til íbúa og starfsmanna
- Símkerfi og aðgangsöryggiskerfi í Kjarna

8.1.2.5.1. Mannauðsdeild

Launadeild og mannauðsstjóri hafa yfirumsjón með kjarasamningum, launaafgreiðslu, mannauðsupplýsingakerfum, starfsþróunaráætlunum, starfsmannakönnunum, stjórnendafræðslu og túlkun vinnuréttar, mannauðsstjórnun, mannauðsráðgjöf, stefnumótun, útfærslu og eftirliti.

Hvaða þjónusta þarf að haldast órofin á öllum háskastigum?

- Samskipti og þjónusta við neyðarstjórn bæjarins
- Upplýsingamiðlun til stjórnenda og starfsmanna
- Launaafgreiðsla og launakerfi

8.1.2.5.2. Fjármáladeild

Fjármáladeild hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Mosfellsbæjar. Fjármáladeild ber ábyrgð á áætlanegerð, bókhaldi, fjárreiðum, lánamálum og reikningsskilum bæjarins.

Hvaða þjónusta þarf að haldast órofin á öllum háskastigum?

- Samskipti og þjónusta við neyðarstjórn bæjarins
- Greiðsla reikninga, velferðargreiðslna, rekstrarstyrkja, opinberra gjalda o.fl.
- Afborganir lána á gjalddögum
- Tryggja fjármagn til greiðslu útgjalda

8.2 Lykilstarfsmenn og staðgenglar

Meðfylgjandi er listi yfir æðstu stjórnendur Mosfellsbæjar og staðgengla. Hvert svið og hver stofnun hefur í eigin viðbragðsáætlunum/framkvæmdaáætlunum gert sams konar lista.

Bæjarstjóri

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri.

Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar 1.

staðgengill

Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs 2. staðgengill

Linda Udengard, framkvæmdastjóri fræðslusviðs 3. staðgengill

Fjármáladeild

Pétur J. Lockton, fjármálastjóri

Anna María Axelsdóttir, verkefnastjóri 1. staðgengill

Dagný Sverrisdóttir, aðalbókari 2. staðgengill

Þjónustu- og samskiptadeild

Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeild

Hugrún Ósk Ólafsdóttir, verkefnastjóri 1. staðgengill

Heiðar Örn Stefánsson, lögmaður 2. staðgengill

Mannauðsdeild

Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri

Hrafnhildur Sigurhansdóttir, deildarstjóri launadeilda 1. staðgengill

Sigríður Ólöf Guðmundsdóttir, sérfræðingur 2. staðgengill

Fræðslusvið

Linda Udengard, framkvæmdastjóri

Gunnhildur Sæmundsdóttir, leikskólafulltrúi 1. staðgengill

Magnea Steinunn Ingimundardóttir, verkefnastjóri 2.

staðgengill

Fjölskyldusvið

Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri

Guðrún Marinósdóttir, stjórnandi barnaverndar- og ráðgjafardeilda 1. staðgengill

Sigurbjörg Fjölnisdóttir, verkefnastjóri gæða- og þróunarmála 2. staðgengill

Umhverfissvið

Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri

Tómas Guðberg Gíslason, umhverfisstjóri 1. staðgengill

Bjarni Ásgeirsson, deildarstjóri þjónustudeildar 2. staðgengill

Þorsteinn Sigvaldason, deildarstjóri eignadeildar 3. staðgengill

8.3 Upplýsingaflæði til íbúa og starfsmanna

Upplýsingum til íbúa er miðlað í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is, [facebook-síðu Mosfellsbæjar](#), í gegnum síma- og þjónustuver sveitarfélagsins og í gegnum fjölmíðla. Tryggt verður að þjónustuver Mosfellsbæjar, s. 525 6700, búi alltaf yfir nýjustu upplýsingum um þjónustu sveitarfélagsins, reglur, réttindi o.fl. Bærjarstjóri eða fulltrúar í neyðarstjórn sveitarfélagsins eru í fyrirsvari í fjölmíðlum vegna undirbúnings eða aðgerða vegna inflúensufaraldurs. Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar aflar upplýsinga frá mannauðsstjóra, tengilið sveitarfélagsins vegna heimsfaraldurs, slökkviliðsstjóra, sem er samhæfingaraðili vegna faraldurs á höfuðborgarsvæðinu, eða framkvæmdastjórum sviða sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Óski sóttvarnalæknir þess er hægt að senda út skilaboð til foreldra barna í leikskólum og grunnskólum sveitarfélagsins í gegnum Mentor-tölvukerfið. Er það unnið í samstarfi við framkvæmdastjóra fræðslusviðs.

Mannauðsstjóri og forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar bera ábyrgð á að nýjustu reglur um tilkynningu veikinda og viðbrögð við veikindum séu kynntar framkvæmdastjórum sviða og forstöðumönnum stofnana. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á að kynna þær upplýsingar öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins. Mannauðsstjóri og forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar geta ákveðið að senda nauðsynlegar upplýsingar beint á alla starfsmenn. Unnið er skv. upplýsingum frá sóttvarnalækni og í nánu samstarfi við trúnaðarlækni Mosfellsbæjar. Brugðist er við óskum sóttvarnalæknis um útsendingu skilaboða í gegnum tölvukerfi Mosfellsbæjar ef þörf krefur.

Mannauðsstjóri aflar upplýsinga um flensuna frá tengilið Mosfellsbæjar vegna heimsfaraldurs, slökkviliðsstjóra sem er samhæfingaraðili vegna faraldurs á höfuðborgarsvæðinu, trúnaðarlækni, sóttvarnalækni höfuðborgarsvæðisins eða á www.influensa.is og www.almannavarnir.is. Upplýsingar til starfsmanna verða sendar með tölvupósti.

8.4 Aðgerðir til þess að viðhalda rekstri í faraldri

8.4.1 Meta áhrif birgja og kanna lágmarksbirgðir

Hvert svið og hver eining sveitarfélagsins ber ábyrgð á að meta áhrif lokunar starfsemi birgja á eigin starfsemi og gera viðeigandi ráðstafanir. Fyrir Mosfellsbæ sem stofnun geta eftirfarandi þættir haft veruleg áhrif á möguleika til að halda uppi starfsemi og eru þeir allir utan upplýsingatæknipjónustu liður í landsáætlun vegna faraldurs. Áætlanir til að tryggja órofna þjónustu eru því til staðar.

- Veitur
- Fjarskipti
- Upplýsingatæknipjónusta

8.4.2 Reglur um fundahöld

Neyðarstjórn sveitarfélagsins tekur ákvörðun um hvort/hvenær ástæða sé til að draga úr fjölða funda og samgangi milli starfsstöðva. Ef flensan verður mjög skæð kemur til greina að loka starfsstöðvum þar sem ekki er nauðsynlegt að halda úti þjónustu og óska eftir því að frískir starfsmenn færi starfsstöðvar sínar heim tímabundið. Upplýsingamiðlun fer fram í gegnum tölvupóst, innri og ytri vef.

8.4.3 Reglur um ferðalög starfsmanna

Fylgja ber fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni. Mannauðsstjóri kynnir reglur um takmörkun ferðalaga starfsmanna í faraldri þurfi að grípa til slíkra ráðstafana.

8.4.4 Reglur um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsmanna

Mannauðsstjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á að upplýsa stjórnendur um breytingar á reglum vegna veikinda og/eða umönnunarleyfa. Stjórnendum ber að ítreka við starfsmenn ákvæði kjarasamninga um tilkynningaskyldu vegna veikinda sem leiða til fjarvista og gæta þess að skráning fjarvista sé í lagi. Nauðsynlegt kann að reynast í einhverjum tilvikum að veita starfsmönnum leyfi frá störfum ef brýnar fjölskylduástæður krefjast umönnunar annarra fjölskyldumeðlima. Mannauðsstjóri útfærir slíkar heimildir í samvinnu við forstöðumenn stofnana.

8.4.5 Tilfærsla starfsmanna milli starfsstöðva og þjálfun

Við virkjun viðbragðsáætlunar hafa stjórnendur heimild, á grundvelli laga nr. 82/2008, til að flytja starfsmenn til í störfum eins og nauðsyn krefst til að framfylgja henni. Heimildir til að flytja starfsmenn milli starfa með skömmum fyrirvara verða virkar ef knýjandi þörf er á, með vísan til almannahagsmuna. Stjórnendur þurfa að meta hvort þjálfra þurfi sérstaklega starfsmenn þannig að þeir geti gengið í störf annarra, til að fyrirbyggja að þjónusta falli niður. Mannauðsstjóri sveitarfélagsins kynnir þær heimildir sem til staðar eru.

8.4.6 Reglur um breytta þjónustu við viðskiptavini

Vegna forfalla getur komið til þess að draga þurfi úr þjónustu eða breyta henni tímabundið. Yfirmenn á hverri starfsstöð hafa heimild til að taka slíkar ákvarðanir í samvinnu við framkvæmdastjóra sviðs/neýðarstjórn sveitarfélagsins. Yfirmenn á hverri starfsstöð tilkynna starfsmönnum og notendum um hugsanlega breytingu á þjónustu. Þessi heimild nær ekki til þeirrar starfsemi sem hvert svið hefur skilgreint sem nauðsynlega, órofna þjónustu í faraldri.

Komi til þess að svið/stofnun geti ekki sinnt slíkri þjónustu ber að tilkynna neyðarstjórn sveitarfélagsins það tafarlaust.

8.5 Viðbrögð við aukinni hættu innan starfsstöðva

Mosfellsbær leggur áherslu á vandaða fræðslu til starfsmanna sinna vegna heimsfaraldurs inflúensu og að allar starfsstöðvar grípi til viðeigandi sóttvarnaráðstafana. Á hverjum tíma er það sóttvarnalæknir sem skilgreinir viðeigandi ráðstafanir. Telji stjórnendur það nauðsynlegt til að tryggja órofna starfsemi geta þeir gengið lengra en þau viðmið, t.d. með því að skipuleggja vaktir og/eða sóttvarnasvæði á starfsstöðvum. Mannauðsstjóri sveitarfélagsins og framkvæmdastjórar sviða fylgjast með breytingum á sóttvarnaráðstöfunum og koma þeim áfram til stjórnenda. Hver starfsstöð ber ábyrgð á að laga kröfur til þrifa að nauðsynlegum sóttvarnaráðstöfunum, að fræða starfsmenn um kröfur og reglur um sóttvarnir og nauðsynlega eftiryfigni. Náhar er kveðið á um viðbrögð einstakra starfseininga í viðbragðs- og/eða framkvæmdaáætlun viðkomandi einingar.

8.5.1 Reglur um sveigjanlega staðsetningu starfsmanna

Stjórnendur hafa heimild til að flytja starfsmenn til í störfum og milli starfsstöðva (sbr. að framan). Þá hafa stjórnendur ríka heimild til að semja við starfsmenn um sveigjanlegt vinnufyrirkomulag og vinnutíma sem kann að henta starfseminni betur. Má þar nefna möguleika sumra starfsmanna á að sinna verkefnum sínum heiman frá, eftir því sem hægt er og við á. Í sumum tilfellum þarf að gera ráð fyrir vinnu og jafnvel kostnaði við að gera slíkt mögulegt, s.s. vegna síma og tölvutenginga. Mannauðsstjóri sveitarfélagsins og framkvæmdastjórar sviða skulu upplýstir um allar slíkar heimildir og geta gripið til almennra ráðstafana ef þörf þykir.

8.6 Gátlistar og aðgerðaráætlanir


Öll svið sveitarfélagsins og stofnanir hafa gert eigin viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu. Þær áætlanir eru vistaðar hjá framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs. Afrit af þessum viðbragðsáætlunum eru jafnframt vistuð á skrifstofu bæjarstjóra. Eftirtalin B-hluta fyrirtæki sveitarfélagsins, Hitaveita Mosfellsbæjar, Vatnsveita Mosfellsbæjar og Fráveita Mosfellsbæjar, hafa gert eigin viðbragðsáætlanir og eru þær vistaðar hjá viðkomandi fyrirtækjum.

9. Samskiptaleiðir

Á neyðarstigi er brýnt að samskiptaleiðir séu skýrar og öllum ljósar. Fyrirmæli um aðgerðir og nauðsynlegar framkvæmdir koma frá aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins til neyðarstjórnar sveitarfélagsins. Þaðan berast þær til annarra stjórnenda sveitarfélagsins. Hluti af gerð viðbragðsáætlana og framkvæmdaáætlana vegna inflúensufaraldurs fyrir svið og starfsstöðvar sveitarfélagsins hefur falist í að fara yfir allar samskiptaleiðir. Æðstu stjórnendur hverrar einingar bera ábyrgð á að skilaboð, upplýsingar og fyrirmæli berist snurðulaust til þeirra aðila sem á þurfa að halda.

10. Kort og teikningar

Meðfylgjandi yfirlitskort af Mosfellsbæ sýnir staðsetningu starfsstöðva sveitarfélagsins.



11. Dreifingarlisti

Eintak af viðbragðsáætlun er vistað rafrænt á eftirtöldum stöðum:

Sameiginlegt drif: S:\AB sameiginlegt\Viðbragðsáætlun 2020\Viðbragðsáætlun Mosfellsbæjar.

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Skrifstofa bæjarstjóra	1 stk.
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	1 stk.
www.mos.is	1 stk.
Samhæfingarstöðin Skógarhlíð	1 stk.
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	1 stk.
Sóttvarnalæknir	1 stk.

12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
Útgáfa 1.0	21/10/2009	Útgáfa 1.0	SDA
Útgáfa 2.0	2/3/2020	Útgáfa 2.0	HÓÓ